

Ed.

456. Frumvarp til laga

[241. mál]

um manneldisráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist manneldisráð. Manneldisráð skal undir stjórn heilbrigðismálaráðherra vinna að samræmingu rannsókna og fræðslu á sviði manneldisfræði, nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda og vera heilbrigðis-yfirvöldum til ráðuneytis um manneldismál.

2. gr.

Manneldisráð getur annast ráðgjöf til annarra aðila samkvæmt sérstakri gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

3. gr.

Í manneldisráði eiga sæti fimm menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og fimm til vara.

Til setu í ráðinu skal skipa menn með sérþekkingu á manneldismálum.

4. gr.

Manneldisráð getur, að fenginni heimild ráðherra, sett á fót samstarfshópa um mikilvæg málefni, jafnframt því, sem það getur kalla sérfræðinga sér til ráðuneytis. Manneldisráð getur kallað saman manneldisþing eftir því sem tilefni gefst til.

5. gr.

Manneldisráð gerir árlega áætlun um ráðstöfun á því fé, sem til þess er veitt á fjárlögum eða það fær til ráðstöfunar á annan hátt.

Manneldisráð sendir ráðuneytinu í lok hvers árs skýrslu um störf ráðsins.

6. gr.

Ráðherra setur manneldisráði starfsreglur.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 16 frá 24. janúar 1945.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 6. júní s. l. skipaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra nefnd undir forseti dr. Jóns Óttars Ragnarssonar, til þess að endurskoða gildandi lög um Manneldisráð nr. 16 24. janúar 1945. Aðrir nefndarmenn voru Ólafur Ólafsson, landlæknir og Vigdís Jónsdóttir, skólustjóri.

Í janúarmánuði s. l. skilaði nefndin álit í formi frumvarps til laga um Manneldisráð. Frumvarp það, sem hér liggur frammi, er að miklu leyti byggt á tillögum nefndarinnar.

Eins og fram hefur komið eru núgildandi lög um Manneldisráð frá árinu 1945. Í reynd var Manneldisráð stofnað nokkrum árum áður, þ. e. a. s. árið 1939, en þá stofnaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið til rannsókna á mataræði landsmanna og skipaði í þeim tilgangi sjö manna nefnd, sem að jafnaði gekk undir nafninu Manneldisráð. Manneldisráð átti að sjá um framkvæmd nokkurra rannsókna á mataræði þjóðarinnar samkv. áður gerðri áætlun. Ráðið skilaði af sér störfum á árinu 1944, en þá lágu fyrir niðurstöður rannsókna í sérstakri bók, sem framkvæmdastjóri ráðsins dr. Júlíus Sigurjónsson hafði tekið saman og bar titilinn Mataræði og heilsufar á Íslandi.

Manneldisráð gerði athuganir hverjar almennar ráðstafanir væri tiltækilegt að hefja til úrbóta, og benti ráðið á nokkur atriði.

Þegar Manneldisráð hafði lokið störfum sínum, þ. e. a. s. þeim störfum, sem því hafði sérstaklega verið falið að annast á árinu 1939, gerði Manneldisráð það að tillögu sinni, að skipað yrði með sérstakri löggjöf fast ráð kunnáttumanna til þess að vera heilbrigðisstjórninni til ráðuneytis um ýmis mál, er vörðugu mannelði. Tillögur Manneldisráðs voru teknar upp og var landlækni falið að semja frumvarp til laga um þetta efni, í samráði við læknadeild Háskóla Íslands. Frumvarp þetta varð að lögum á öndverðu ári 1945, og eru þau lög enn í gildi.

Samkvæmt núgildandi lögum eiga sæti í Manneldisráði auk landlæknis, sem er lögskipaður forseti ráðsins, 4 læknar, er ráðherra skipar til 5 ára í senn. Skipað var í ráðið 1945, en síðan ekki fyrr en 1974. Ráðið var því óstarfhæft frá árinu 1950 til 1974 eða í nær aldarfjórðung.

Þegar starfsemi Manneldisráðs var lögfest árið 1945, voru tengsl mataræðis og heilsufars miklu óljósari en þau eru nú. Aðgerðir til varnar ýmsum hörgulssjúkdómum voru ofarlega á haugi, svo sem vegna skyrbjúgs. Matvælaframleiðslan var fremur einföld í sniðum og algengustu neyslumatvæli skiptu tugum frekar en hundruðum. Á þessum tíma voru það einkum læknar, sem höfðu afskipti af mannelðismálum og mátti það því heita eðlileg ráðstöfun og réttmæt, að í ráðinu sætu 5 læknar.

Nú er málum á annan hátt farið. Framleiðsluhættir á matvælasviðinu eru miklu flóknari en þeir voru fyrir 30 árum. Algengustu neyslumatvæli skipta hundruðum og innfluttar matvörur eru stór hluti af neysluvörunum.

Tekin hefur verið upp kennsla í ýmsum æðri skólum í manneldis- og matvælafræðum. Í landinu starfa nú þegar nokkrir sérfræðingar á sviði manneldisfræði, matvælafræði og matreiðslu. Á læknasviðinu hafa einnig orðið tóluverðar breytingar með aukinni áherslu á manneldisfræði og skyld fræði innan læknadeildar Háskóla Íslands.

Það er skylda heilbrigðisyfirvalda á hverjum tíma að fræða almenning um gildi hollra lífshátta. Slík fræðsla, eigi hún að ná tilætluðum árangri, verður að byggjast á vísindalegum rannsóknum. Þannig er annað meginhlutverk Manneldisráðs samkvæmt gildandi lögum, að gera tillögur um framkvæmd rannsókna á sviði manneldisfræði.

Þótt ennþá sé langt í land, hvað snertir rannsókn á tengslum milli mataræðis og heilsufars, verður æ ljósara, að á milli þessara þátta eru veruleg tengsl. Með hliðsjón af þessu þurfa heilbrigðisyfirvöld að geta tryggt, að tekið sé tillit til hollustusjónarmiða við ákvarðanir, er geta haft áhrif á neysluvenjur fólks. Þess vegna verða heilbrigðisyfirvöld að hafa sér til ráðuneytis fólk með sérþekkingu á matvælum, manneldi og þeim sviðum læknisfræði, sem tengjast næringarfræði.

Með hliðsjón af framansögðu telur ráðuneytið nauðsyn á áframhaldandi starfi manneldisráðs, en að taka beri tillit til breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og þess vegna þurfi að breyta lögum um manneldisráð og færa þau í raunhæfara form. Með hliðsjón af framansögðu er frumvarp þetta fram borið.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Lagt er til að ríkið starfræki stofnun, sem nefnist manneldisráð. Þannig gerir ráðuneytið ráð fyrir, að manneldisráð hafi með höndum daglega starfsemi og ráði til sín starfskrafta til þess að sinna þeim. Þegar er kominn visir að slíkri stofnun og sem stendur vinnur einn starfsmaður á skrifstofu Manneldisráðs.

Samkvæmt greininni er hlutverk ráðsins óbreytt að heita miðað við gildandi lög. Þó er gert ráð fyrir tveim nýjum þáttum í starfsemi ráðsins, en það er fræðsla á sviði manneldisfræði og að stuðlað skuli að nánara samstarfi milli framleiðenda og neytenda matvæla. Ekki þarf að fjölyrða um fræðsluhlutverkið en um samstarf milli framleiðenda og neytenda skal bent á eftirfarandi:

Fjölmörg atriði hafa áhrif á matvælaframleiðslu landsmanna, svo sem ræktunar-skilyrði, innflutningur, tækni, þekking, verðlagsákvæði o. s. frv.

Skipta má framleiðslunni niður í tvennt, hráefnisframleiðslu (landbúnaður og sjávarútvegur) og matvælaframleiðslu í verksmiðjum. Þættir, sem hafa áhrif á þessu framleiðslustigi geta haft óbein áhrif á neysluvenjur almennings. Svipuðu máli gegnir um tilreiðslu matvæla.

Heilbrigðisyfirvöld geta að sjálfsgöðu ekki haft úrslitaáhrif, þegar teknar eru ákvarðanir, er snerta breytingar á framleiðslu og framleiðsluháttum. Það er hins vegar skylda þeirra að reyna að tryggja að hollustumarkmið séu tekin með í reikninginn við ákvarðanirnar, þ. e. a. s. séu þær til þess fallnar að hafa áhrif á mataræði. Á sama hátt geta breytingar á starfsháttum heilbrigðisyfirvalda haft veruleg áhrif á framleiðsluhætti. Hér má nefna, að reglur um vörumerkingar, reglur um aukafni í matvælum og aðrir ráðstafanir, sem gerðar eru til þess að tryggja neytandann, eru fyrst og fremst settar af heilbrigðisyfirvöldum. Slíkar reglur kveða fyrst og fremst á um skyldur, sem framleiðendum ber að uppfylla. Það hlýtur að vera sameiginlegur hagur þeirra, sem framleiða vöruna annars vegar, og neytenda og heilbrigðisyfirvalda hins vegar, að þessi mál séu til lykta leidd með fullri samvinnu.

Ein leið til að tryggja slíkt samráð, er að koma á fót samstarfshópum innan Manneldisráðs, þar sem neytendur og framleiðendur eiga fulltrúa. Sem stendur skortir mikið á, að samstarf milli framleiðenda og neytenda sé sem skyldi.

Ætla má að 90% af fæði Íslendinga sé unnið úr hráefnum frá landbúnaði innanlands og utan. Íslenskur matvælaíðnaður tekur einnig í vaxandi mæli við hráefnum frá íslenskum landbúnaði og sjávarútvegi. Það virðist því réttmætt, að í þessum samstarfshópi ættu sæti m. a. fulltrúar frá íslenskum landbúnaði, íslenskum matvælaíðnaði, íslenskum fiskiðnaði og innflytjendum matvæla.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Manneldisráð geti annast ráðgjöf til annarra aðila en heilbrigðisyfirvalda, en að það skuli gert samkv. sérstakri gjaldskrá, er ráðherra staðfestir.

Hlutverk Manneldisráðs er fyrst og fremst að vera heilbrigðisyfirvöldum til ráðuneytis, en ekki þykir fært að einskorða störf ráðsins við slíkt þar sem Manneldisráð getur samsetningar sinnar vegna verið einhver ákjósanlegasti aðilinn til þess að veita hverjum sem er ráðgjöf á þessu sviði. Þegar um slíkt er að ræða er Manneldisráði heimilt að taka sérstakt gjald fyrir ráðgjöfina eftir gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir.

Um 3. gr.

Þessi grein kveður á um samsetningu ráðsins. Gert er ráð fyrir 5 manna ráði eins og gildandi lög kveða á um. Til setu í ráðinu skal skipa 5 menn með sérþekkingu á manneldismálum. Ekki er gert ráð fyrir neinum tilnefningarrétti einstakra stofnana eða embætta, þar sem erfitt er að henda reiður á hverjir séu færastir að tilnefna í slíkt ráð. Viðbútið er, yrðu slík ákvæði sett inn, að einhverjum þætti sinn hlutur fyrir borð borinn. Hins vegar verður að tryggja, að í ráðinu sitji þeir aðilar, sem besta þekkingu hafa í þessum málum, hvort sem hún er fræðileg eða fengin af langri reynslu. Nauðsynlegt er að þessir 5 aðilar, sem sitja í ráðinu spanni yfir þá sérþekkingu, sem fyrir hendi er á þessu sviði. Í athugasemdum við 1. grein var fjallað um þann kost, að setja á fót samstarfshóp milli neyslu- og framleiðsluaðila matvæla.

Um 4. gr.

Einnig kæmi til greina að stofna til hliðstæðra vinnuhópa um önnur verkefni. Þessi grein á að gefa Manneldisráði möguleika á því, að fenginni sérstakri heimild ráðherra, að koma á fót samstarfshópum um mikilvæg málefni, jafnframt því sem ráðið megi kalla til sérfræðinga til ráðuneytis.

Þeirri hugmynd hefur verið komið á framfæri, að Manneldisráð efni til manneldisþings með vissu millibili. Á manneldisþingi væri hægt að fjalla um einstaka málaflokka, skýra frá niðurstöðum rannsókna, vinna að stefnumörkun á ákveðnum sviðum manneldisfræði. Tíminn verður að leiða í ljós, hvort þörf er á að halda slík manneldisþing, og þá hve oft.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.